

Sþ. 10. Tillaga til þingsályktunar

um að auka ljósmagn Vestmannaeyjavítans á Stórhöfða.

Flm.: Jóhann Jósefsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera ráðstafanir til þess að auka ljósmagn Vestmannaeyjavítans á Stórhöfða svo fljótt sem því má við koma.

Greinargerð.

Samkvæmt áskorun margra vélbátaformanna í Vestmannaeyjum var á þinginu 1934 af sama flutningsmanni flutt till. til þál., sem fór í sömu átt og sú, er hér um ræðir. Tillagan var samþykkt í neðri deild Alþingis og afgreidd til ríkisstjórnarinnar sem ályktun þeirrar deildar. Þótt langt sé um liðið, hefir enn ekki orðið úr framkvæmdum hjá þeim stjórnarvöldum, er blut eiga að máli.

Sú nauðsyn, er fyrir lá 1934 í þessu efni, liggur engu síður fyrir nú. Sjómenn eru almennt mjög óánægðir yfir því, hve ljósmagn vítans er lítið, og telja brýna þörf þess, að úr verði bætt. Fyrir því er þessi till. til þál. flutt nú og málið tekið upp að nýju.

Nánar í framsögu.